

Umsögn

Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja

26. maí 2010

Frumvarp til laga um afnám laga um orlof húsmæðra nr. 53/1972, með síðari breytingum.

Þskj.77 - 77. Mál.

Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja fagnar framkomnu frumvarpi um afnám laga um orlof húsmæðra.

Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja, sem fer m.a. hvoru tveggja með málefni orlofsnefndar húsmæðra og jafnréttismál hefur í talsverðan tíma velt upp ýmsum hugrenningum varðandi húsmæðraorlof og réttmæti þess að skylda sveitarfélög til að greiða í orlofssjóð húsmæðra. Þann 21. 12. 2006 var í tengslum við umræðu um fjárhagsáætlun samþykkt í nefndinni (þá Fjölskylduráð Vestmannaeyja) að leita álits Jafnréttisstofu um hvort lög nr. 53/1972 standist jafnréttislög og fól framkvæmdastjóra framgang málsins. Þann 14. mars 2007 lá fyrir svar jafnréttisstofu (sjá meðfylgjandi fylgiskjal). Ákveðið var að aðhafast ekki varðandi kæru á málinu þar sem lagastoð var sannanlega fyrir húsmæðraorlofinu og því Alþingis að breyta þeim lögum.

Í ár eru áætlaðar greiðslur Vestmannaeyjabæjar vegna orlofs húsmæðra kr. 326.000. Þetta er hærrí upphæð heldur en varið er til að halda Fjölskylduhelgi fyrir íbúa sveitarfélagsins, tæpum 100.000 kr. hærrí upphæð heldur en áætlaðar mánaðargreiðslur eru vegna launa til tilsjónarfólks og persónulegra ráðgjafa í barnavernd, 116.000 kr. lægri upphæð heldur en áætlað er mánaðarlega til að greiða fósturlaun vegna barna innan barnaverndarinnar og næstum helmingur mánaðarlegrar áætlunar fyrir fjárhagsaðstoð fyrir íbúa sveitarfélagsins svo einhver dæmi séu nefnd.

Fjölskyldu- og tómstundaráð telur mikilvægt að sveitarfélög fái sem mest svigrúm til að ráðstafa fjármagni sínu. Ekkert er því til fyrirstöðu að orlofsnefndir húsmæðra verði áfram styrktar, kjósi sveitarfélög að gera svo en slíkt á ekki að vera eitt af lögbundnum hlutverkum sveitarfélaga, sérstaklega ekki þegar brýnari verkefni liggja fyrir. Að öðru leyti er vísað í greinargerð með frumvarpinu og tekið undir þau sjónarmið sem þar koma fram.

Verði frumvarpið samþykkt leggur Fjölskyldu- og tómstundaráð áherslu á að það fjármagn sem farið hefur í húsmæðraorlofið hingað til verði varið til félags- og jafnréttismála í Vestmannaeyjabæ.

Bókun fjölskyldu- og tómstundaráðs 26.maí 2010.

Fyrir liggur umsagnarbeiðni frá Alþingi um frumvarp til laga um orlof húsmæðra.

Fjölskyldu- og tómstundaráð samþykkir meðfylgjandi tillögu að umsögn.

Páll Marvín Jónsson

Helga B jörk Ólafsdóttir

Jarl Sigurgeirsson

Hafdís Sigurðardóttir

Fyrir hönd Fjölskyldu- og tómstundaráðs Vestmannaeyja

Guðrún Jónsdóttir
yfirfélagsráðgjafi

